

Hvanneyrarbúið ehf.

Ársreikningur 2018

Hvanneyrarbúið ehf.
Ásgarði
311 Borgarnes
Kt. 511209-0800

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun endurskoðanda.....	4-5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Yfirlit um sjóðstreymi.....	8
Skýringar og sundurliðanir.....	9-15

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú í þágu kennslu og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

Félagið byggir rekstrargrundvöll sinn á tekjum af búrekstri (aðallega mjólkur- og kjötframleiðslu) og samstarfssamningi við Lbhí dagsettum 1. júlí 2015. Rekstur félagsins er óbreyttur í grundvallaratriðum frá árslokum 2017. Fjöldi ársverka á árinu var 3.

Afkoman á árinu

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2018 nam 4.992.611 krónum í samanburði við 3.123.908 krónur árið áður. Eignir félagsins í árslok námu 57.599.527 krónum og námu skuldir félagsins 31.044.344 krónum. Eigið fé félagsins í árslok nam 26.555.183 krónum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2018 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Allt hlutafé félagsins er í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands og helst óbreytt á árinu.

Það er álit stjórnar og bústjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og bústjóri Hvanneyrarbúsins ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hvanneyri, 27. ágúst 2019

Stjórn

Bústjóri

Baldur Helgi Benjamínsson
Stjórnarformaður

Egill Gunnarsson

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir

Pétur Diðriksson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hvanneyrabúsins ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hvanneyrabúsins ehf. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Hvanneyrabúinu ehf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og bústjóra á ársreikningnum

Stjórn og bústjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og bústjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og bústjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hvanneyrabúsins ehf. Ef við á, skulu stjórn og bústjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Hvanneyri, 27. ágúst 2019

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

Rekstrartekjur

Seldar afurðir.....	77.403.694	74.572.790
Aðrar tekjur.....	9.662.961	7.996.171
Söluhagnaður.....	52.696	1.083.200
	<u>87.119.351</u>	<u>83.652.161</u>

Rekstrargjöld

Fóður og áburður.....	18.773.305	16.680.687
Bústofnsbreyting.....	607.000	(240.000)
Laun og launatengd gjöld..... 3	29.611.452	31.017.169
Annar framleiðslukostnaður.....	22.798.663	22.720.736
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	2.940.265	2.421.343
Afskriftir..... 4	6.289.274	6.661.405
	<u>81.019.959</u>	<u>79.261.340</u>

Rekstrarhagnaður

6.099.392 4.390.821

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur.....	96.956	110.894
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.203.737)	(1.377.807)
	<u>(1.106.781)</u>	<u>(1.266.913)</u>

Hagnaður fyrir skatta

4.992.611 3.123.908

Tekjuskattur..... 11	0	0
----------------------	---	---

Hagnaður ársins

4.992.611 3.123.908

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Ræktun.....	4	8.441.607	3.115.617
Vélar, áhöld og búnaður.....		26.749.843	27.545.766
		<u>35.191.450</u>	<u>30.661.383</u>
Áhættufjármunir			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	5	1.669.540	1.438.254
		<u>1.669.540</u>	<u>1.438.254</u>
Fastafjármunir samtals		<u>36.860.990</u>	<u>32.099.637</u>
Veltufjármunir			
Bústofn.....	6	12.892.000	13.148.000
Viðskiptakröfur.....	7	7.240.284	7.015.689
Lán til tengdra aðila.....		0	724.120
Aðrar skammtímaskröfur.....	8	398.328	476.978
Handbært fé.....		207.925	2.256.062
		<u>20.738.537</u>	<u>23.620.849</u>
Eignir samtals		<u>57.599.527</u>	<u>55.720.486</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé.....	9	53.700.000	53.700.000
Ójafnað tap.....		(27.144.817)	(32.488.428)
		<u>26.555.183</u>	<u>21.211.572</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán.....	10	13.289.984	19.146.072
Næsta árs afborgun langtímalána.....		(3.844.909)	(5.148.399)
		<u>9.445.075</u>	<u>13.997.673</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	12	7.849.312	4.878.758
Næsta árs afborgun langtímalána	10	3.844.909	5.148.399
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	9.905.048	10.484.084
		<u>21.599.269</u>	<u>20.511.241</u>
Skuldir samtals		<u>31.044.344</u>	<u>34.508.914</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>57.599.527</u>	<u>55.720.486</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins.....		4.992.611	3.123.908
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áfallnar verðbætur.....		11.321	22.688
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....		(52.696)	(1.083.200)
Afskriftir.....	4	6.289.274	6.661.405
		<u>11.240.510</u>	<u>8.724.801</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Bústofn.....		607.000	(240.000)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....		(145.945)	(24.126)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		2.391.518	1.466.291
		<u>2.852.573</u>	<u>1.202.165</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>14.093.083</u>	<u>9.926.966</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	4	4.317.816	7.400.000
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	4	(15.084.461)	(16.868.334)
Breyting á stofnsjóði.....	5	(231.286)	(184.778)
Lán til tengdra aðila.....		724.120	918.514
		<u>(10.273.811)</u>	<u>(8.734.598)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný langtímalán.....		0	9.529.116
Afborganir langtímalána.....	10	(5.867.409)	(9.892.093)
Skuld við tengda aðila.....		0	(5.320.675)
		<u>(5.867.409)</u>	<u>(5.683.652)</u>
Lækkun á handbæru fé		(2.048.137)	(4.491.284)
Handbært fé í ársbyrjun.....		2.256.062	6.747.346
Handbært fé í árslok		<u>207.925</u>	<u>2.256.062</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Hvanneyrarbúið ehf. er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Tilgangur félagsins er að sjá um búrekstur á Hvanneyri samhliða vinnu við rannsóknir og kennslu í landbúnaði.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hvanneyrarbúsins ehf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala í rekstrarreikningi er sýnd að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtagjöld langtímalána og önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð á því tímabili sem þau falla til óháð greiðslu.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar fram að niðurlagsverði eigna sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði eða bókfærðu verði í ársbyrjun.

Ræktun	34 ár
Vélar, tæki og búnaður	5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar eru þannig að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætlunum endingartíma viðkomandi eigna.

Eignarhluti í öðrum félögum

Eignarhlutur í öðrum félögum er færður á kostnaðarverði.

Bústofn

Bústofn er metinn í samræmi við skattmat RSK og er endurmat bústofnsins að hluta til fært í gegnum eigið fé.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í árslok eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun.....	23.545.885	22.123.468
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	4.085.209	3.441.565
Önnur launatengd gjöld.....	1.980.358	5.452.136
	<u>29.611.452</u>	<u>31.017.169</u>
Meðalfjöldi starfa	3,0	2,5

Meðal launa hefur verið gjaldfærð áætluð áfallin afkomutengd greiðsla til lykilstarfsmanna vegna ársins 2018. Á móti var færð lækkun áður gjaldfærðrar áætlunar vegna áráanna 2016 og 2017. Nettó hækkun að meðtöldum launatengdum gjöldum nam um 55 þúsund krónum og hafa skammtímaskuldir verið hækkaðar til jafns við það.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Ræktun	Vélar, áhöld og búnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun.....	3.384.338	55.328.302	58.712.640
Keypt á árinu.....	5.595.381	9.489.080	15.084.461
Selt á árinu.....		(4.992.246)	(4.992.246)
Staða í árslok.....	<u>8.979.719</u>	<u>59.825.136</u>	<u>68.804.855</u>
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun.....	268.721	27.782.536	28.051.257
Selt á árinu.....		(727.126)	(727.126)
Afskrift ársins.....	269.391	6.019.883	6.289.274
Staða í árslok.....	<u>538.112</u>	<u>33.075.293</u>	<u>33.613.405</u>
Bókfært verð			
Bókfært verð í ársbyrjun	3.115.617	27.545.766	30.661.383
Bókfært verð í árslok	<u>8.441.607</u>	<u>26.749.843</u>	<u>35.191.450</u>
Afskriftarhlutföll.....	3%	20%	

Í árslok 2018 nemur bókfært verð eigna sem keyptar hafa verið með fjármögnunarleigu 7,5 milljónum króna og eftirstöðvar leigugreiðslna námu um 5,8 milljónum króna í árslok.

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

	31.12.2018	31.12.2017
Stofnsjóður Auðhumlu.....	1.352.150	1.125.245
Stofnsjóður SAH.....	177.200	172.819
Vélabær ehf.	50.000	50.000
Ístex hf.....	90.190	90.190
	<u>1.669.540</u>	<u>1.438.254</u>

6. Bústofn

	31.12.2018	31.12.2017
Yfirlit um breytingu á bústofni		
Bústofn 1.1.....	13.148.000	12.682.000
Endurmat bústofns (fært á eigið fé).....	351.000	226.000
Bústofnsbreyting færð til gjalda.....	(607.000)	240.000
Bústofn 31.12.....	<u>12.892.000</u>	<u>13.148.000</u>

7. Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur.....	7.240.284	8.823.457
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna.....	0	(1.807.768)
	<u>7.240.284</u>	<u>7.015.689</u>

Skýringar

8. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	377.066	456.438
Fjármagnstekjuskattur.....	21.262	20.540
	<u>398.328</u>	<u>476.978</u>

9. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 53.700.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun 2017.....	53.700.000	(35.838.336)	17.861.664
Endurmat bústofns.....		226.000	226.000
Afkoma ársins.....		3.123.908	3.123.908
Eigið fé í árslok 2017.....	53.700.000	(32.488.428)	21.211.572
Endurmat bústofns.....		351.000	351.000
Afkoma ársins.....		4.992.611	4.992.611
Eigið fé í árslok 2018.....	53.700.000	(27.144.817)	26.555.183

10. Langtímaskuldir

Skuldir í íslenskum krónum:

Fjármögnunarleiga.....	11.199.127
Lárus Pétursson, skuldabréf, óverðtryggt, vextir 2,8%.....	660.622
Arionbanki, verðtryggt, vextir 4,75%.....	1.430.235
	<u>13.289.984</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:

Árið 2019.....	3.844.909
Árið 2020.....	2.878.802
Árið 2021.....	2.428.985
Árið 2022.....	2.122.225
Árið 2023.....	1.641.434
Afborganir síðar.....	373.630
	<u>13.289.984</u>

11. Skattamál

Félagið greiðir ekki tekjuskatt á árinu 2018 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok greinist þannig:

	31.12.2018
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021.....	7.616.454
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022.....	16.485.158
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023.....	7.405.276
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024.....	8.189.749
	<u>39.696.637</u>

Tekjuskattsinneign félagsins í árslok hefur ekki verið færð í ársreikning vegna óvissu um nýtingu. Tekjuskattsinneign félagsins í árslok greinist með eftirfarandi hætti:

	31.12.2018
Yfirfæranlegt tap - 20%.....	7.939.327
	<u>7.939.327</u>

Skýringar

12. Viðskiptaskuldir	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptaskuldir.....	7.849.312	4.878.758
	<u>7.849.312</u>	<u>4.878.758</u>

13. Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2018	31.12.2017
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	796.868	1.399.105
Ógreidd laun.....	5.167.822	3.913.954
Ógreidd staðgreiðsla.....	798.233	864.497
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	1.074.430	1.105.677
Ógreitt tryggingagjald.....	145.274	160.621
Ógreitt félagsgjöld.....	124.229	129.521
Ógreiddir áfallnir vextir.....	20.750	88.965
Fyrirframgreiðsla starfsmanna.....	30.400	30.400
Ógreitt orlof.....	1.747.042	2.791.344
	<u>9.905.048</u>	<u>10.484.084</u>

14. Ábyrgðir og skuldbindingar

Engar skuldbindingar né ábyrgðir hvíla á félaginu utan efnahagsreiknings.

15. Rekstrarhæfi

Frá árslokum 2014 hefur stjórn félagsins unnið eftir aðgerðaráætlun sem miðar að því að búrekstur félagsins á Hvanneyri standi undir sér. Hagnaður félagsins hefur verið jákvæður undanfarin fjögur ár. Rétt er að benda á að ójafnað tap 31.12.2018 er 39,7 millj. Byggt á ofangreindu er það mat stjórnenda að félagið sé rekstrarhæft.

Skýringar

Sundurliðanir

Seldar afurðir

	2018	2017
Mjólk.....	49.048.450	45.628.418
Beingreiðslur, mjólk.....	17.624.756	17.251.558
Gripagreiðslur.....	3.309.944	3.131.742
Gæðastýringargreiðslur.....	0	46.400
Nautgripir.....	4.003.569	4.916.362
Heysala.....	3.416.975	3.598.310
	<u>77.403.694</u>	<u>74.572.790</u>

Aðrar tekjur

	2018	2017
Seld þjónusta.....	265.858	499.197
Arður.....	1.804	1.804
Vörusala 24% vsk.....	18.473	0
Vörusala án vsk.....	7.836.677	6.189.024
Jarðræktarframlag.....	1.202.149	1.306.146
Styrkur vegna broddverkefnis.....	338.000	0
	<u>9.662.961</u>	<u>7.996.171</u>

Fóður og áburður

	2018	2017
Fóður.....	12.097.182	9.860.852
Áburður og sáðvörur.....	3.998.623	3.688.470
Verktakakostnaður vegna heyöflunar.....	2.663.500	3.040.365
Heyefnagreiningar.....	14.000	91.000
	<u>18.773.305</u>	<u>16.680.687</u>

Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun.....	23.491.044	18.209.514
Árangurstengdar greiðslur til starfsmanna.....	54.841	3.913.954
Lífeyrissjóður.....	4.085.209	3.441.565
Tryggingagjald.....	1.892.728	1.749.956
Önnur sjóðagjöld.....	440.291	399.592
Annar starfsmannakostnaður.....	691.641	511.244
Breyting orlofsskuldbindingar.....	(1.044.302)	2.791.344
	<u>29.611.452</u>	<u>31.017.169</u>

Annar framleiðslukostnaður

	2018	2017
Rafmagn og hiti.....	1.397.282	1.010.034
Viðhald.....	1.469.123	2.766.888
Rúlluplast og rúllunet.....	874.572	1.105.486
Vátryggingar.....	198.471	191.245
Rekstur búvéla.....	6.569.181	6.449.983
Smááhöld og rekstrarvörur.....	942.177	1.054.419
Lyf og dýralæknakostnaður.....	1.441.370	1.379.224
Sæðingagjöld.....	963.718	634.217
Flutningur.....	4.364.740	3.897.181
Tækjaleiga.....	2.906.023	2.629.177
Önnur þjónusta.....	1.528.501	1.602.882
	<u>22.798.663</u>	<u>22.720.736</u>

Skýringar

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2018	2017
Sími.....	209.479	192.648
Burðargjöld.....	33.998	23.836
Pappír, prentun og ritföng.....	60.201	8.270
Stjórnarkostnaður.....	473.817	0
Rekstur tölvukerfis.....	151.045	143.809
Endurskoðun og bókhaldsþjónusta.....	1.605.162	1.773.873
Félagsgjöld.....	219.967	247.898
Útvarpsgjald.....	17.100	16.800
Annar kostnaður.....	169.496	14.209
	<u>2.940.265</u>	<u>2.421.343</u>